

## Bekkjarnámskrá fyrir 8.-9. bekk skólaárið 2023-2024

### Íslenska

Íslenska er kennd í tveim lotum og í einum föstum fagtíma á viku allt skólaárið.

#### Haustönn 2023

Tímabil	Áherslupættir í íslensku: talað mál og hlustun, bókmenntir og lestur, málfræði og ritun.
Æfingátímar eru á þriðjudögum	Æfingátímar: Ljóð og myndmál, örsögur og smásögur - vinna með bókmenntahugtök og skapandi ritun.
Lotan er 18.09-22.09	Fyrri lotan er í málfræði: orðflokkar - smáorð. 2 vikur Setningarfræði - grunnur. 1 vika  (Sjá nánar í kennsluáætlun).

#### Vorönn 2024

Tímabil	Áherslupættir í íslensku: talað mál og hlustun, bókmenntir og lestur, málfræði og ritun.
Æfingátímar eru á þriðjudögum	Æfingátímar: Laxdæla saga, orðaforða/hugtakavinna. Gerð útdráttar, skapandi ritun, gerð heimildaritgerðar.
Lotan er 03.01-02.02	Seinni lotan er um Íslendingasöguna Laxdæla sögu 4.vikur Bókmenntir, ritun, hugtakavinna, gagnrýnin hugsun og listræn úrvinnsla.  (Sjá nánar í kennsluáætlun).

### Stærðfræði

Stærðfræði er kennd í tveim lotum og í einum föstum fagtíma á viku allt skólaárið.

#### Haustönn 2023

Tímabil 21.08-15.09	Nemendur vinna áfram með almennar reikningaðgerðir.
27.11-20.12	Tölur og reikningur <ul style="list-style-type: none"><li>• prósentureikningur</li><li>• póstívar og negatívar tölur</li><li>• almenn brot og tugabrot</li></ul> Rúmfræði og mælingar <ul style="list-style-type: none"><li>• flatarmál mismunandi flata</li><li>• ummál mismunandi flata</li><li>• regla um hornasummu í marghyrningi</li></ul> Lota 2 Tölur og reikningur <ul style="list-style-type: none"><li>• ferningstala og ferningsrót</li></ul>

## Waldorfskólinn í Lækjarbotnum

	<ul style="list-style-type: none"><li>• veldi</li></ul> <p>Algebra</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• fyrsta stigs jöfnur með einni óþekktri stærð</li><li>• stæður</li><li>• mynstur og algebra</li><li>• talnamynstur rannsökuð</li><li>• bókstafir og óþekktar stærðir í stæðum og jöfnum</li><li>• vixlregla, tengiregla og dreifiregla</li><li>• myndrit</li><li>• fyrsta stigs jöfnur og annars stigs jöfnur</li><li>• ferningsreglur</li><li>• föll</li></ul>
--	---

### Vorönn 2024

Tímabil 08.04-03.05	<p>Nemendur rifja upp og vinna með rúmfræði. Unnið með þrívídda marghyrninga.</p> <p>Rúmfræði og mælingar</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• rúmmál einfaldra strendinga Hlutbundin líkanasmíð</li><li>• Teikna skýringarmyndir</li><li>• Teikna þrívíddarmyndir</li><li>• Speglnun, snúning og hliðrun</li></ul> <p>Tölfræði og líkindi</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• tölfræðihugtök til setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn</li><li>• einfaldar tölfræðikannanir</li></ul>
------------------------	---

### Erlend tungumál

#### Enska

Vorönn Tímabil 18.04-13.05	<p>Talað mál</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• enska samþætt við leiklist, tal- og framburðaræfingar, framsögn á bókakynningu</li></ul> <p>Lestur</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• tvær skáldsögur lesnar</li></ul> <p>Hlustun</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• hlustun á upplestur</li></ul> <p>Orðaforði</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• fræðitextar og textar tengdum völdum viðfangsefnum í tengslum við mannkynssögulotur rýndir</li></ul> <p>Málfræði</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• orðaröð og setningafræði</li></ul> <p>Ritun</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• uppsetning og gerð ritgerða</li><li>• bókakynningar</li><li>• réttiritun</li><li>• skapandi skrif</li></ul>
----------------------------------	---

## Waldorfskólinn í Lækjarbotnum

### Danska

Haustönn Tímabil 01.11-19.11	Talað mál <ul style="list-style-type: none"><li>• upplestur og samræður</li></ul> Lestur <ul style="list-style-type: none"><li>• greinar um uppfinningamenn (og konur), blaðgreinar og sögur</li></ul> Hlustun <ul style="list-style-type: none"><li>• hlustun á upplestur</li></ul> Orðaforði <ul style="list-style-type: none"><li>• þýðingar á greinum og völdum textum</li></ul> Málfræði <ul style="list-style-type: none"><li>• sagnir og tíðir þeirra</li><li>• sterka og veika beygingu sagna og lýsingarorða</li><li>• ákveðin og óákveðin greinir</li></ul> Ritun <ul style="list-style-type: none"><li>• réttitunaræfingar og skapandi skrif</li></ul>
------------------------------------	---

### Val

Haustönn Tímabil 08.04-10.05	Valgreinar
------------------------------------	------------

### List- og verkgreinar

#### Handavinna

Haustönn/vorönn Tímabil 27.11 - 18.12 04.01 - 02.02	8. bekkur Í vetur handsauma nemendur waldorfbrúður. Að því loknu munu þau hanna, útfæra snið og handsauma föt á brúðurnar. Það er vinna sem krefst útsjónarsemi og nákvæmni. Eftir að hafa handsaumað föt er kominn tími til að kynnst saumavélinni. Við munum taka fyrir einföld saumaverkefni sem unnin verða í saumvél.  9. Bekkur Nemendur munu halda áfram að sauma Waldorfbrúður sem byrjað var á síðasta skólaári. Að því loknu munu þau hanna, útfæra snið og sauma föt á brúðurnar í saumavél. Það er vinna sem krefst útsjónarsemi og nákvæmni.
--	---

### Smíði

--	--

Eldsmíði	Eldsmíði
Haustönn Tímabil 23.08-17.09	Það er ein fjögurra vikna lota í eldsmíði. Verkefnið er að smíða S-krók. Í lotu á vorönninni er unnið með kopar.
18.09-22.09	Eldur vekur járn til lífsins og gefur okkur tækifæri til að móta það. Ef við berum virðingu fyrir eldinum vinnur hann með okkur. Hluti af þessu samspili manns, elds og járn er að öðlast stjórn á kraftinum í eldinum og hrynjandinni í hamarshöggunum. Þá getum við umbreytt járni og formað það.  Aðalmarkmið í eldsmíði er að kynnst járni í sínu lifandi formi og að læra að móta járnið á meðan það er heitt. Nemendur hafa tileinkað sér nokkrar grunnaðferðir við mótnun járn (að lengja og mjókka járn og snúa upp á það) og æfa sig áfram í þeim. Áskorunin er að ná S-króknum samhverfum. Í lok lotunnar, á basarvinnudögum, eru nemendur svo leiðbeinendur fyrir foreldra sína sem smíða króka fyrir jólabasar skólans. Á vorönninni smíða nemendur koparskál sem er þolinmæðisverk. Nemendur kynnst eðli koparsins og muninn á milli þessara tveggja málma. Þau velja geometrískt form og teikna á blað út frá reglum sem þau hafa tileinkað í rúmfræði. Svo er formið teiknað á koparplötu, klippt út og hamrað í skálform.

#### Tónlist

Tímabil Haustönn 30.10-24.11	Nemendur æfa <ul style="list-style-type: none"> <li>• tónmyndun og hljóm</li> <li>• tónfræði og nótnalestur</li> <li>• slagverksleikur</li> <li>• strengjahljóðfæraleikur</li> </ul> <p>Á tímabilinu munu nemendur 8.-9. bekkjar semja, æfa og flytja frumsamin lög nemenda í leikriti um Galdrakarlinn frá OZ. Samþætt við íslensku og dans.</p>
------------------------------------	---

#### Bothmer-leikfimi

Haustönn Tímabil 21.08-13.10	Nú er líkaminn að ganga í gegnum miklar breytingar, beinagrindurin hefur styrkst og komin í fulla stærð. "Hreyfingarvitund" vaknar. Líkamstilfinningin og þyngdartilfinningin verður ríkjandi og sýnir sig í viðhorfinu.
Vorönn Tímabil 21.05-07.06	Með styrktaræfingum af ýmsu tagi eiga nemendur að upplifa sjálfa sig, eins vel og hægt er. Bothmer æfingarnar eru "viðhorfstyrkjandi" (bæði andlega og líkamlega). Stafa Æfingar eru þróaðar áfram. Æfingin "Rhythm" gefur tilfinningu fyrir mikilvægi öndunar og blóðrásar fyrir hreyfinguna. Rúmfræðilegar æfingar eru líka gerðar með og án stafs.  Lykil orð: DYNAMICS - SVEIFLAKRAFTUR - FEGURÐ

#### Leiklist

Vorönn	Leiklist
--------	----------

Tímabil 16.05-10.06	Æft og sett upp leikrit Galdrakarlinn í Oz. Nemendur æfa textana heima sem undirbúning fyrir leiklistarlotu. Samþætting tónlistar- og leiklistarkennslu.
------------------------	--

### Myndlist

Tímabil Vorönn 03.01-28.01	<p>Samþætting myndlistar og líffræði</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Teikna kolamynd af hauskúpu. Byrjað á því á því að kynnast hlutföllum hauskúpunnar og athuga hvar augnatóftirnar, nefið og tennurnar eru staðsett.</li> <li>• Áhrif ljós og skugga á fjarvídd. Ljós og skuggi draga fram lögun hauskúpunnar.</li> <li>• Litafræði Goethes: svarti liturinn er fjarvera ljóssins. Fulltrúi svarta litarins í þessari æfingu er kol. Hvíti liturinn skapar hins vegar upplifun sem kemur hvað næst birtu eða ljósi í náttúrunni.</li> <li>• Samþætting myndlistar og mannkynssögu</li> <li>• Kolateikningar í tengslum við iðnbyltinguna.</li> <li>• Litablöndun: Hreinir litir blandaðir til að mynda svarta, grúa og brúnritaða tóna í tengslum við frönsku byltinguna</li> </ul>
----------------------------------	---

### Samfélagsfræði

<p>Mannkynssaga Haustönn Tímabil 23.08-17.09 29.11-17.12 28.02-25.03</p>	<p>Mannkynssaga</p> <p>Í fyrri lotunni er fjallað um frönsku byltinguna og amerísku sjálfstæðisbaráttuna en í seinni lotunni iðnbyltinguna. Farið yfir sögu Frakka frá tímum Sólkonungsins til valdaskeiðs Napóleons. Hugmyndir Rousseu og Voltaire um samfélag sem byggir á <i>frelsi, jafnrétti og bræðralagi</i> verða kynntar. Tækninýjungar iðnbyltingarinnar verða kynntar. Umræður um afleiðingar iðnbyltingarinnar.</p> <p>Þetta slagorð frönsku byltingarinnar gaf uppreisnarmönnum kraft til að berjast fyrir því sem trúðu á. Hugmyndir upplýsingaraldar veittu nýja sýn á heiminn og opnuðu fyrir möguleika að það væri hægt að breyta hlutum. Ameríska sjálfstæðisyfirlýsingin var rædd. Umræðan um mannréttindi og hvort þau næðu til allra, þ.e. eru allir menn skapaðir jafnir, var ein sú skemmtilegasta í lotunni. Umræður um afleiðingar iðnbyltingarinnar.</p> <p>Hvað á að kenna:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Iota Franska byltingin. Ameríska sjálfstæðisbaráttan. Farið yfir sögu Frakka frá tímum Sólkonungsins til valdaskeiðs Napóleons. Hugmyndir Rousseu og Voltaire um samfélag sem byggir á <i>frelsi, jafnrétti og bræðralagi</i> verða kynntar.</li> <li>2. Iota Iðnbyltingin. Fjallað er um tækninýjungar iðnbyltingarinnar, ástæður fyrir iðnbyltingunni og afleiðingar hennar.</li> </ol>
--	--

### Náttúrufræði

<p>Garðyrkja Haustönn Tímabil 23.08-17.09</p> <p>18.04-13.05</p> <p>Líffræði Tímabil 31.01-25.02</p>	<p>Mannslíkaminn og bein</p> <p>Fjallað um</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>● hvað er uppréttur gangur</li> <li>● hvernig beinin þroskast frá fóstri fram á fullorðinsárin</li> <li>● beinin, höfuðkúpuna, hryggjarliðina, handleggi, fótleggi</li> <li>● smábein og hvernig í hverju beini ríkir þrískipting</li> <li>● hvernig flæðið í uppbyggingu beinananna endurspeglast í formi þeirra. hvernig við berum þunga og framkvæmum fínhyfingar.</li> <li>● liði og vöðva</li> <li>● hvernig allt stoðkerfið tengist.</li> </ul> <p>● Kynþroska- og kynfræðsla.</p> <p>Hreinlæti</p> <p>Vímuefnafræðsla</p>
--	--

<p>Efnafræði Tímabil 18.04-13.05</p>	<p>Nemendahópurinn er tvískiptur, annar er í efnafræði en hinn hópurinn í eðlisfræði.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>● grunnþættir efnafræðinnar</li> <li>● efnafræðileg kerfi, lotuborðið</li> <li>● atómísk líkön</li> <li>● kolefnishringrásin</li> <li>● lífrænar sýrur; áfengi, sýrur og basar og bragðefni</li> <li>● gróðurhúsaáhrifin</li> <li>● oxun og fækkun</li> <li>● efnaferlar jarðolíu</li> </ul>
--	---

## Waldorfskólinn í Lækjarbotnum

Eðlisfræði Tímabil 01.11-26.11	Nemendahópurinn er tvískiptur, annar er í efnafræði en hinn hópurinn í eðlisfræði. Hita og aflfræði <ul style="list-style-type: none"><li>• stækkun og samdráttur</li><li>• fasaumbreytingar eins og uppgufun, bráðnun, storknun, þétting</li><li>• hitastig, suðumark, þrýstingur ogrúmmál, lögmál Boyle og óreiða/skipulagsleysi</li><li>• gufuhverfill, gufuvél, ísskápur, varmadæla</li><li>• innri brennsluvél, eldflaugavél</li><li>• nútíma hitaveituvélar /tæki</li><li>• hugtakið orka</li><li>• efnahvörf</li></ul> Raforkukenning og hljóðvist <ul style="list-style-type: none"><li>• tíðni og tónhæð</li><li>• rafsveiflur í hljóðnema / hátalara /síma, umbreyting í hljóðbylgjur</li></ul>
--------------------------------------	--

Landfræði Samþætt við samfélagsfræði 01.11-26.11	<ul style="list-style-type: none"><li>• Landfræði</li><li>• Samþætt við mannkynssögu.</li><li>• Ameríka og lífsskilyrði í tengslum við Amerísku frelsisbaráttu.</li><li>• Bretland og auðlindir í tengslum við iðnbyltinguna.</li></ul>
---	---

### Lífsleikni

Lífsleikni Furudalsvika 20.09-24.09	Lífsleiknivika Nemendur fara eftir morguntíma í Furudal. Nemendur fara í hlutverkaleik þar sem iðnir þorpsbúar byggja einföld hús, gera hlóðir, kvekja elda, baka pinnabrauð, tálga, jurtalita ullarband og berjast við dreka sem búa í nærliggjandi skógi. Allir nemendur taka þátt ásamt kennurum og starfsfólki skólans.
Tímabil 09.09-15.09	Skólaferðalag Laugarvegurinn genginn

### Íþróttir og hreyfing

Tímabil Reglulega yfir allt skólaárið	Skokk, gönguferðir og reiðhjólaferðir verða stunduð á skólaárinu Fjallgöngur verða nokkrar yfir árið. Laugarvegurinn genginn. Sundkennsla fer fram í Salalaug. Íþróttir eru kenndar í Fylkishúsinu.
Tímabil Ólympíuvika 17.05-20.05	Ólympíuleikar eru settir upp í anda hinna upphaflegu forn-grísku leika og sameinast allir nemendur skólans sem þátttakendur á sérstökum íþróttadegi, en haldin er vikulöng íþróttahátíð í tengslum við leikana.

### Upplýsinga- og tæknimennt

Tímabil 18.04-13.05	Nemendur kynnst hvernig tölva er sett saman og með hvaða hætti hún starfar. <ul style="list-style-type: none"><li>• ihluti tölvunnar og aðgerðir þeirra</li></ul>
------------------------	---

<p>Tæknimennt Ritvinnsla Borgaraleg vitund Stafrænt siðferði</p>	<ul style="list-style-type: none"><li>• örgjörva og vinnsluminni</li><li>• orð og hugtök æfð til þátttöku í samræðum um tæknilausnir</li></ul> <p>Ritvinnsla er samþætt við íslensku. Nemendur gera rafrænar vinnubækur þar sem áhersla er lögð á að</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• afla ritaðra og rafrænna heimilda</li><li>• setja upp heimildaskrá</li><li>• uppsetningu ritgerða, inngangur, meginmál, samantekt og niðurstöður</li><li>• heimildarýna</li></ul> <p>Umræður um</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• starfræna borgaravitund</li><li>• samfélagsmiðla</li><li>• stafrænt siðferði</li><li>• falsfréttir</li></ul>
--	---

Bekkjarnámskrá er birt með fyrirvara um breytingar

**Heimildaskrá:**

Aðalnámskrá grunnskólanna, Sótt af .

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Læreplan for Steinerskolerne. Skólanámskrá Waldorfskólanna í Noregi. Sótt af

<https://www.steinerskole.no/pedagogikk/laereplan/>

En väg til frihet, skólanámskrá Waldorfskóla í Svíþjóð. Sótt af

<http://www.uppsalawaldorfskola.nu/wp-content/uploads/2018/01/en-vag-till-frihet.pdf>